

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/401**2018/EES/42/12****frá 14. mars 2018****um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 139/2014 að því er varðar flokkun flugbrauta (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB ⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 8. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 139/2014 ⁽²⁾ er, að því er þá reglugerð varðar, mælt fyrir um skilgreiningu á hugtakinu „blindflugsbraut“. Ákvæðin í þeirri reglugerð ættu að endurspeglar fullkomnustu tækni sem völ er á og bestu starfsvenjur á sviði flugvalla og taka tillit til viðeigandi alþjóðlegra staðla.
- 2) Alþjóðaflugmálastofnunin (ICAO) hefur með ríkisbréfi sínu, AN 41.2.24–13/20, samþykkt breytingu 11-B á 1. bindi 14. viðauka við Chicago-samninginn sem hefur verið í gildi í samningsríkjum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar frá og með 13. nóvember 2014. Með breytingunum, sem eru settar fram þar, er núverandi flokkun flugbrauta, með tilliti til aðflugs, einfölduð og hinum ýmsu tegundum aðflugs og lendingar lýst af meiri nákvæmni.
- 3) Þessar breytingar á 14. viðauka við Chicago-samninginn ættu að endurspeglar í reglugerð (ESB) nr. 139/2014, einkum að því er varðar ákvæðin um aðflug með leiðsögu í lóðréttum fleti sem byggist á hæfisbundinni leiðsögu (PBN), og kröfur til flugbrauta, með vísan í tegund aðflugs. Auk þess ætti að greiða fyrir því að unnt sé að innleiða aðflug með leiðsögu í lóðréttum fleti, sem byggist á hæfisbundinni leiðsögu, á umtalsverðum fjölda flugvalla án þess að endurskipuleggja þurfi flugbrautarmannvirki þeirra.
- 4) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 139/2014 til samræmis við það.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, byggjast á álitum Flugöryggisstofnunar Evrópu nr. 03/2016 í samræmi við b-lið 2. mgr. 17. gr. og 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 139/2014 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 72, 15.3.2018, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 117/2018 frá 31. maí 2018 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(¹) Stjtið. ESB L 79, 19.3.2008, bls. 1.

(²) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 139/2014 frá 12. febrúar 2014 um kröfur og stjórnsýslumeðferð er varða flugvelli samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtið ESB L 44, 14.2.2014, bls. 1).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. mars 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 139/2014 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 22. liðar komi eftirfarandi:

- „22) „blindflugsbraut“ (e. *instrument runway*): ein af eftirtöldum tegundum flugbrauta sem er ætluð loftförum sem fljúga samkvæmt blindaðflugsverklagi:
1. „flugbraut fyrir grunnaðflug“ (e. *non-precision approach runway*): flugbraut með sjónrænum leiðsögutækjum og a.m.k. einu öðru leiðsögutæki, sem er ætluð fyrir landingar, þar sem fylgt er blindaðflugsaðgerð af tegund A,
 2. „flugbraut fyrir nákvæmnisaðflug, I. flokkur“ (e. *precision approach runway, category I*): flugbraut, sem er útbúin sjónrænum leiðsögutækjum og a.m.k. einu öðru leiðsögutæki, sem er ætluð fyrir landingar þar sem fylgt er blindaðflugsaðgerð af tegund B, I. flokkur,
 3. „flugbraut fyrir nákvæmnisaðflug, II. flokkur“ (e. *precision approach runway, category II*): flugbraut, sem er útbúin sjónrænum leiðsögutækjum og a.m.k. einu öðru leiðsögutæki, sem er ætluð fyrir landingar þar sem fylgt er blindaðflugsaðgerð af tegund B, II. flokkur,
 4. „flugbraut fyrir nákvæmnisaðflug, III. flokkur“ (e. *precision approach runway, category III*): flugbraut, sem er útbúin sjónrænum leiðsögutækjum og a.m.k. einu öðru leiðsögutæki, sem er ætluð fyrir landingar þar sem fylgt er blindaðflugsaðgerð af tegund B, III. flokkur A, III. flokkur B og III. flokkur C,“.

2) Eftirfarandi liðir 47a og 47b bætast við:

- „47a) „blindaðflugsaðgerð af tegund A“: blindaðflugsaðgerð með lágmarkslækkunarhæð eða -ákvörðunarhæð sem er 75 m (250 fet) eða þar yfir,
- 47b) „blindaðflugsaðgerð af tegund B“: blindaðflugsaðgerð með ákvörðunarhæð sem er undir 75 m (250 fetum). Blindaðflugsaðgerð af tegund B er flokkuð sem hér segir:
1. I. flokkur (CAT I): ákvörðunarhæð sem er ekki undir 60 m (200 fetum) og annaðhvort skyggni sem er minna en 800 m eða flugbrautarskyggni sem er ekki minna en 550 m,
 2. II. flokkur (CAT II): ákvörðunarhæð sem er undir 60 m (200 fetum) en þó ekki undir 30 m (100 fetum), og skyggni sem er ekki minna en 300 m,
 3. III. flokkur A (CAT IIIA): ákvörðunarhæð sem er undir 30 m (100 fetum) eða engin ákvörðunarhæð og flugbrautarskyggni sem er ekki minna en 175 m,
 4. III. flokkur B (CAT IIIB): ákvörðunarhæð sem er undir 15 m (50 fetum) eða engin ákvörðunarhæð og flugbrautarskyggni sem er minna en 175 m en ekki minna en 50 m,
 5. III. flokkur C (CAT IIIC): engin ákvörðunarhæð og engin takmörk á flugbrautarskyggni,“.